

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### RÍKISAÐSTOÐ (99-002 Ísland)

99/EES/40/01

Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól, til annarra EFTA-ríkja, aðildarríkja EB og hagsmunaaðila um ríkisaðstoð í formi tímabundinna endurgreiðslna á kostnaði vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (Ríkisaðstoð nr. 99-002).

Með ákvörðun nr. 114/99/COL frá 4. júní 1999, en meginefni hennar er rakið hér á eftir, hóf Eftirlitsstofnun EFTA málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól. Íslenska ríkinu hefur verið sent eintak af ákvörðuninni í upplýsingaskyni.

### „I. MÁLSATVIK

#### 1. Tilkynningin

Með bréfi frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, dags. 10. mars 1999, sem eftirlitsstofnunin móttók og skráði 7. apríl 1999 (skjal nr. 99-2531-A), tilkynntu íslensk stjórnvöld, samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól, um tiltekna ráðstafanir í þágu kvikmyndagerðar á Íslandi. Í bréfinu var tekið fram að íslensk stjórnvöld væru í vafa um hvort nauðsynlegt væri að tilkynna um ríkisaðstoð til menningarstarfsemi, svo sem framleiðslu á kvikmyndum. Bréfinu fylgdi frumvarp til laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Síðar barst eftirlitsstofnuninni vitneskja um að frumvarp sama efnis hefði verið samþykkt á Alþingi Íslendinga 11. mars 1999 (lög nr. 43/1999).

#### 2. Almenn lýsing á ráðstöfununum

Samkvæmt 1. gr. nýju íslensku laganna var markmið þessara ráðstafana að laða að erlenda aðila til að framleiða kvikmyndir og sjónvarpsefni á Íslandi með því að endurgreiða ákveðið hundraðshlutfall af framleiðslukostnaði sem til félli á Íslandi. Löggin eru í eðli sínu tímabundin þar sem enginn stuðningur verður veittur kvikmyndum sem framleiðsla hefst á eftir árið 2005.

Með „framleiðslukostnaði“ í íslensku lögnum er átt við allan kostnað sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignaskatt. Skilyrði er þó að kostnaðurinn falli til á Íslandi og að greidd laun og verktakagreiðslur séu skattlagðar á Íslandi.

Umsókn um endurgreiðslu skal send iðnaðarráðuneytinu áður en verkefnið hefst. Iðnaðarráðherra skiptar nefnd sem fer yfir umsóknir og gerir tillögur um upphæð styrks í hverju tilviki.

Til að eiga rétt á endurgreiðslu verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. að stofnað sé félag á Íslandi um framleiðslu myndarinnar,
- b. að fyrir liggi sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og fjármögnun,
- c. að lágmarksframleiðslukostnaður við gerð mynda sem eiga rétt á endurgreiðslu sé að minnsta kosti 80 milljónir ísl. kr.,
- d. að endurskoðað kostnaðaruppgjör liggi fyrir að lokinni framleiðslu myndar,
- e. að framleiðslu myndar sé lokið innan þriggja ára frá endurgreiðslu.

Sé fyrrnefndum skilyrðum ekki fullnægt er heimilt að hafna endurgreiðslubeiðni.

Endurgreiðsla framleiðslukostnaðar skal vera sem hér segir:

Á árunum 1999-2002	12%
Á árunum 2003-2005	9%

Endurgreiðsluhlutfall skal lækka um helming sé framleiðslukostnaður á bilinu 80 – 100 milljónir ísl. kr. en um fjórðung sé framleiðslukostnaðurinn á bilinu 101 – 120 milljónir ísl. kr. Þetta þýðir að fullt endurgreiðsluhlutfall fæst eingöngu fyrir kvikmyndir þar sem framleiðslukostnaður nær 121 milljón ísl. kr. og að fyrir kvikmyndir þar sem framleiðslukostnaður er minni en 80 milljónir ísl. kr. er engin endurgreiðsla.

Iðnaðarráðherra ákvarðar endurgreiðslur. Til grundvallar skal liggja endurskoðað kostnaðaruppgjör. Hlutfall endurgreiðslu skal miðað við það ár sem framleiðslan hófst.

Ekki verður endurgreitt fyrr en að lokinni framleiðslu og eftir að félaginu sem stofnað var til að framleiða myndina hefur verið slitið. Frá endurgreiðslu skal draga alla vangreidda skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga.

Hafi umsækjandi hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu sömu myndar fær hann ekki endurgreitt samkvæmt þessum ráðstöfunum.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laganna.

Í bréfi ráðuneytisins þar sem tilkynnt er um styrkjakerfið er greint frá því að markmið þess sé að auka fjölbreytni og framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis á Íslandi. Einnig er lögð áhersla á það í bréfinu að í lagafrumvarpinu séu hvorki gerðar kröfur um þjóðerni né tungumál.

Í athugasemdum um við lagafrumvarpið er meðal annars kveðið á um að þrátt fyrir að endurgreiðslur fari eingöngu fram að lokinni framleiðslu kvikmynda muni ráðuneytið, áður en verkefnið hefst, ákveða á grundvelli umsóknarinnar hvort myndin sé endurgreiðsluhæf. Í slíkum tilvikum mun það gefa út vilyrði til framleiðanda um að tiltekið hlutfall framleiðslukostnaðar sem til félli á Íslandi verði endurgreitt að lokinni framleiðslu.

## II. MAT

### 1. Hugtakið ríkisaðstoð og tilvist hennar

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar sem hér segir:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Þetta felur í sér að til þess að ráðstöfun teljist vera ríkisaðstoð, verður hún að uppfylla fjögur skilyrði. Ráðstöfunin verður: 1) að færa fyrirtæki eða fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning, 2) vera veitt af ríkinu eða ríkisfjármunum, 3) vera sérstaks eðlis og 4) vera til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti á EES.

Í fyrsta lagi skal bent á það að kvikmyndaframleiðsla er iðnaður sem fellur að öllu leyti undir EES-samninginn og alveg án tillits til takmörkunarinnar á gildissviði samningsins sem kveðið er á um í 8. gr.

Ráðstöfun til að styrkja framleiðslukostnað tiltekinna mynda á grundvelli umsókna frá kvikmyndaframleiðendum sem starfa á Íslandi færir ákveðnum fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning og er sérhæfð í eðli sínu. Ráðstöfunin sem felur í sér beina styrki frá ríkinu er augljóslega einnig veitt af ríkinu. Því er fyrstu þrem skilyrðunum fullnægt.

Alla jafna munu stuðningsaðgerðir hafa áhrif á samkeppni og viðskipti milli ríkjanna sem aðild eiga að EES-samningnum, að því tilskildu að fyrirtækið sem aðstoðar nýtur stundi atvinnustarfsemi sem felur í sér viðskipti milli samningsaðilanna og að aðstoðin styrki stöðu fyrirtækisins samanborið við samkeppnisfyrirtækin. Þessi regla gildir ekki aðeins um fyrirtæki sem starfa við útflutning, heldur einnig um innflutningsfyrirtæki í samkeppni. Ennfremur er líklegt að sama regla gildi um styrkþega sem hafa í hyggju að flytja nánast alla framleiðslu sína til markaða fyrir utan EES vegna þess hve EES-markaðir eru háðir hver öðrum.

Áhrif aðgerða til stuðnings kvikmyndaframleiðslu og framleiðslu á sjónvarpsefni á viðskipti fer meðal annars eftir hvers konar kvikmyndir eru studdar og áhorfendahópnum sem viðkomandi kvikmyndum er beint að. Í þessu tilviki hvorki takmarka né afmarka stuðningsaðgerðirnar þær gerðir kvikmynda og sjónvarpsefnis sem geta átt rétt á stuðningi á grundvelli einhverra slíkra viðmiða.

Eins og fram kemur hér að framan er markmið laganna að laða að erlenda aðila til að framleiða kvikmyndir og sjónvarpsefni á Íslandi. Samkvæmt áliti fjármálaráðuneytisins sem fylgir sem viðauki við lagafrumvarpið er mjög líklegt að því markmiði verði náð. Fjármálaráðuneytið áætlað að árlegur fjárlagakostnaður af frumvarpinu verði á bilinu 100–300 milljónir ísl. kr., og þar af yrði aðeins 20–30 milljónum ísl. kr. veitt til innlendra mynda. Því kemst eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar muni raska samkeppni og hafa veruleg áhrif á samkeppni milli þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum. Því fela aðgerðirnar í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

## 2. Málsmæðferðarkröfur

Í 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól er kveðið á um að EFTA-ríkjunum sé skylt að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um allar áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til að úrskurða í málinu og að hrinda ekki fyrirhuguðum ráðstöfunum í framkvæmd fyrr en málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA hefur verið til lykta leidd. Samkvæmt ákvæðum um fresti í II. hluta leiðbeininga stofnunarinnar um ríkisaðstoð, sem aftur eru grundvölluð á dómaframkvæmd merkir „nægur tími“ í þessu samhengi tveir mánuðir frá þeim degi þegar stofnuninni barst fullkomin tilkynning.

Ráðstafanirnar sem um ræðir voru tilkynntar með bréfi frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, dags. 10. mars 1999 sem barst stofnuninni 7. apríl 1999. Samkvæmt upplýsingum sem stofnunin hefur undir höndum kemur þó í ljós að lagafrumvarpið sem fylgir tilkynningunni var samþykkt af Alþingi 11. mars 1999, þ.e. aðeins einum degi eftir dagsetningu bréfsins og áður en það barst Eftirlitsstofnun EFTA. Lögin heimila iðnaðaráðuneytinu að beita þeim án nokkurra frekari skilyrða. Því dregur stofnun þá ályktun að með því að tilkynna seint um ráðstafanirnar og með því að hrinda þeim í framkvæmd án þess að bíða úrskurðar Eftirlitsstofnunar EFTA hafi íslensk stjórnvöld ekki virt kröfur um málsmeðferð. Ráðstafanirnar eru því ólögsmætar af ástæðum er varða málsmeðferð.

## 3. Beiting viðeigandi reglna um ríkisaðstoð

Aðstoðarráðstafanirnar, sem komið var á með lögunum, ívilna ákveðinni atvinnugrein og fela einnig í sér rekstraraðstoð. Að meginreglu til hefur stofnunin fyrirvara um rekstraraðstoð og samþykkir hana eingöngu í undantekningartilvikum. Hins vegar verður að viðurkennast að framkvæmdastjórn ESB hefur verið jákvæð gagnvart aðstoð við kvikmyndaíðnaðinn, jafnvel þótt hún feli í sér rekstraraðstoð, enda sé hún nauðsynleg til að efla menningu og stuðla að varðveislu menningararfleifðar, og einnig að því tilskildu að aðstoðin virði ákveðnar grundvallarreglur EB-sáttmálans, svo sem að hún feli ekki í sér neina mismunun vegna þjóðernis og tryggi frjálsa vöruflutninga, þjónustu, fólksflutninga og fjármagnsflutninga á EES.

Þess ber að geta að meginreglur EES-samningsins á þessu sviði eru ekki samhljóða reglum EB-sáttmálans. Þetta helgast af því að nýju undanþáguákvæði d-lið 3. mgr. 92. gr. var bætt við EB-sáttmálann, sem hluta af Maastricht-sáttmálanum, sem gerir ráð fyrir þeim möguleika að veita „aðstoð til að efla menningu og stuðla að varðveislu menningararfleifðar, enda hafi slík aðstoð ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni í bandalaginu að það brjóti í bága við sameiginlega hagsmunir“. Þessi undanþága hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn. Stofnunin getur því eingöngu stuðst við undanþágur sem kveðið er á um í EES-samningnum, einkum c-lið 3. mgr. 61. gr. Þó virðast ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði fram til þessa ekki hafa haft í för með sér miklar stefnubreytingar. Stofnunin telur að hún geti í ákvörðunum sínum tekið mið af ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar fyrir tilkomu undanþágunnar, þ.e. á grundvelli c-liðar 3. mgr. 92. gr. sem og síðari ákvörðunum byggðum á d-lið 3. mgr. 92. gr. sem víkja ekki frá fyrri stefnu og sem hægt hefði verið að samþykkja samkvæmt c-lið.

Hvorki framkvæmdastjórn EB né Eftirlitsstofnun EFTA hafa enn gefið út neinar leiðbeiningar um aðstoð við kvikmyndaiðnaðinn. Slíka aðstoð ber því að meta eingöngu með hliðsjón af grundvallarreglum um ríkisaðstoð, dómafordæmum og ákvörðunum þessara tveggja eftirlitsstofnana.

Þegar um er að ræða stuðning við staðbundið sjónvarpsefni eða myndir á máli, eins og íslensku sem fáir tala utan landssteinanna, og þar sem meginefni slíkra mynda er einnig tiltölulega „þröngt“ og fyrst og fremst áhugavert fyrir fólk á staðnum, er slík aðstoð alla jafna líkleg til að hafa mjög takmörkuð áhrif á viðskipti og fjármögnun slíkra mynda er líklega erfiðleikum háð ef miðað er við markaðsskilyrði eingöngu. Þetta gæti réttlætt aðstoð við slíkar myndir. Hins vegar er stuðningur við myndir, sem teknar eru á alheimstungumáli og sem fjalla um efni sem vekur almennan áhuga óháð þjóðerni áhorfenda, líklegur til að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila á svipaðan hátt og allir aðrir styrkir í viðkvæmum atvinnurekstri.

Aftur er rétt að benda á að íslensk lög sem eru til athugunar hvorki takmarka né afmarka á nokkurn hátt þær gerðir kvikmynda sem geta átt rétt á styrk, með tilliti til efnis styrkhæfra mynda, markaða eða áhorfenda sem miðað er við, o.s.frv. Þetta er í samræmi við markmiðið sem um getur í 1. mgr. þ.e. að laða erlenda kvikmyndaframleiðendur til Íslands. Lögin takmarkast þannig á engan hátt við að styðja myndir eða sjónvarpsefni sem hafa sérstakt menningarlegt gildi og gætu á sama hátt verið notuð til að styðja hreint skemmtiefni. Markaður slíkra mynda er í eðli sínu hnattrænn. Aðstoð við slíkar myndir er alla jafna ekki nauðsynleg vegna framleiðslu þeirra, fremur er hún til þess fallin að ákvarða hvar þær verða gerðar.

Því hefur stofnunin verulegar efasemdir um að ríkisaðstoð við kvikmyndaiðnað, af því tagi sem íslensku lögin sem hér um ræðir kveða á um, geti átt rétt á undanþágu samkvæmt 2. eða 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Því ber henni skylda til að hefja málmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. bókonar 3 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól. Tekið skal þó fram að þessi afstaða er með fyrirvara um endanlega afstöðu stofnunarinnar í þessu efni. Markmið málsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókonar 3 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól er að tryggja víðtæka rannsókn á málinu og að öllum aðilum sé gefinn kostur á að flytja mál sitt.“

Eftirlitsstofnun EFTA veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB, við:

EFTA Surveillance Authority  
74, rue de Trèves  
B - 1040 Bruxelles

Athugasemdunum verður komið á framfæri við íslensk stjórnvöld.

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

## **Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Norges Høyesterett 99/EES/40/02 samkvæmt úrskurði hans frá 23. júní 1999 í málinu Storebrand Skadeforsikring AS gegn Veronika Finanger**

### **(Mál E-1/99)**

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt úrskurði frá Norges Høyesterett (hæstiréttur Noregs), dags. 23. júní 1999, sem barst skrifstofu dómstólsins 28. júní 1999, um ráðgefandi álit vegna eftirfarandi spurningar í málinu Storebrand Skadeforsikring AS gegn Veronika Finanger:

Samrýmist það EES-rétti að farþegi, sem slasast í akstri með vélknúnu ökutæki af frjálsum vilja, eigi ekki rétt á bótum nema til þess liggi sérstakar ástæður, ef farþeginn vissi eða hlaut að hafa vitað að ökumaður vélknúna ökutækisins var undir áhrifum áfengis þegar slysið varð og að orsakatengsl voru milli áfengisáhrifanna og meiðslanna?

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1651 – Maersk/Sea-Land)

99/EES/40/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. september 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97<sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Dampskibsselskabet af 1912 Aktieselskabet og Aktieselskabet Dampskibsselskabet Svenborg, sem bæði tilheyra samstæðunni A.P. Møller (A.P. Møller), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfirráð yfir alþjóðlegri siglingastarfsemi fyrirtækisins Sea-Land Service Inc. (Sea-Land), sem tilheyrir CSX Corporation Group, með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - A.P. Møller: gámaflutningar (Maersk Line) og tengd starfsemi, búlkaflutningar, tankskip, birgðaskip og borunarpallar. Skipasmíðar og gámaframleiðsla. Leit og framleiðsla á olíu og gasi,
  - Sea-land: gámaflutningar og tengd starfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 259, 11.9.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1651 – Maersk/Sea-Land, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1040 Brussels

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1689 – Nestlé/Pillsbury/Häagen-Dazs US)

99/EES/40/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. september 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97<sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Nestlé USA – Food Group, Inc. (Nestlé USA), sem stjórnað er af Nestlé S.A., Sviss og The Pillsbury Company (Pillsbury), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki og sameina þar með starfsemi sína í Bandaríkjunum með rjómáís og frysta eftirrétti.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Nestlé USA: framleiðsla og dreifing á frystum matvælum og rjómaís,
  - Pillsbury: framleiðsla og dreifing á frystum matvælum, rjómaís og niðursoðnum matvörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 260, 14.9.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1689 – Nestlé/Pillsbury/Häagen-Dazs US, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1040 Brussels

### **Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1694 – EMC/Data General)**

**99/EES/40/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. september 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglu 2), þar sem bandaríska fyrirtækið EMC Corporation (EM) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar yfirráð yfir öllu bandaríska fyrirtækinu Data General með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - EMC: hönnun, framleiðsla og viðhald á vélbúnaði, hugbúnaði og þjónusta við tölvufyrirtæki,
  - Data General: framleiðsla, markaðssetning og viðhald á opnum tölvukerfum, þar með töldum miðlurum og geymsluvörum, sem og þjónustustarfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 260, 14.9.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1694 – EMC/Data General, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1040 Brussels

(1) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(2) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Upphaf málsmeðferðar**  
**(Mál nr. IV/M.1601 – Allied Signal/Honeywell)**

99/EES/40/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 30.8.1999 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að niðurstöðu um að verulegur vafi leiki á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka mið af athugasemdunum við málsmeðferðina verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB C 259, 11.9.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 - 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.1601 – Allied Signal/Honeywell, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussel

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 45/99 (áður NN 43/99)**  
**Frakkland**

99/EES/40/07

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 5. mgr. 6. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2496/96/KSE frá 18.12.1996 um reglur bandalagsins um ríkisstyrki til stáliðnaðarins, vegna fjárfestingaraðstoðar við Myriad (Fafer de Maubeuge). Sjá nánar í Stjtið. EB C 259 frá 11.9.1999.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í fyrrnefndum Stjtið. EB, við:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate State Aid H  
Rue de la Loi/Wetstraat 200  
B-1049 Brussels

Bréfasími: (+32 2) 296 95 79

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Frakkland.



**Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin  
sendi ráðinu á tímabilinu 5.7. til 30.7.1999**

99/EES/40/08

Þessi skjöl fást hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna(\*)

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM (1999) 327	CB-CO-99-332-EN-C <sup>(1)</sup>	Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um beitingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2454/92 frá 23. júlí 1992 um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki stundi farþegaflutninga á vegum innanlands í aðildarríki sem það hefur ekki aðsetur í	6.7.1999	6.7.1999	20
COM (1999) 345	CB-CO-99-347-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um tiltekna eftirlitsráðstafanir fyrir svæðið sem fellur undir samninginn um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi	12.7.1999	12.7.1999	21
COM (1999) 330	CB-CO-99-334-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um brennslu úrgangs	12.7.1999	13.7.1999	42
COM (1999) 125	CB-CO-99-305-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um innlent hámarks magn útblásturs tiltekinna efna sem menga andrúmsloftið	9.6.1999	14.7.1999	131
		Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um óson í umlykjandi lofti			
COM (1999) 363	CB-CO-99-360-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins um fiskveiðistjórnun og náttúruvernd á umhverfi sjávar	14.7.1999	14.7.1999	25
COM (1999) 177	CB-CO-99-172-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um afturköllun á tilskipunum 75/364/EBE, 77/454/EBE, 78/688/EBE, 78/1028/EBE, 80/156/EBE og 85/434/EBE um að stofna ráðgjafarnefndir vegna þjálfunar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra lyfjafræðinga og lækna	15.7.1999	16.7.1999	8
COM (1999) 372	CB-CO-99-377-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins um sérstakar ráðstafanir um flutninga og búsetu ríkisborgara Evrópusambandsins sem hægt er að réttlæta með skírskotun til allsherjarreglu almannaöryggis og almannaheilbrigðis	20.7.1999	19.7.1999	26
COM (1999) 329	CB-CO-99-329-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litar- og sætuefni	22.7.1999	22.7.1999	11
COM (1999) 377	CB-CO-99-384-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 hvað varðar lágmarksstaðla vegna meðhöndlunar á vörum á sviði heilbrigðismála, menntamála og félagslegrar verndar í tengslum við samræmdar vísitölur neysluverðs	22.7.1999	22.7.1999	24
COM (1999) 382	CB-CO-99-386-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um nánara samráð við fiskiðnaðinn og hópa sem sameiginlega stefnan í fiskveiðimálum hefur áhrif á	22.7.1999	22.7.1999	20
COM (1999) 381	CB-CO-99-394-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um stöðu bandalagsins innan samstarfsráðsins um þátttöku Slóveníu í áætlun bandalagsins til margra ára um orkunýtni (SAVE II)	23.7.1999	23.7.1999	19

(\*) Íslenska þýðingin á titlum er til bráðabirgða.

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM (1999) 385	CB-CO-99-383-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fjarmarkaðssetningu á fjármálaþjónustu til neytenda og um breytingu á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB	23.7.1999	23.7.1999	30
COM (1999) 389	CB-CO-99-400-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um gerð samnings í formi bréfaskipta í tengslum við tímabundna beitingu á bókun um fiskveiðitækifæri og fjárframlög, fyrir tímabilið 3. maí 1999 til 2. maí árið 2000, sem um getur í samningnum milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Angólu um fiskveiðar við strendur Angólu	26.7.1999	27.7.1999	34
COM (1999) 397	CB-CO-99-406-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að setja endanlega undirboðstolla og innheimta endanlega bráðabirgðatolla sem lagðir voru á innflutning á stálreipum og köplum frá Alþýðulýðveldinu Kína, Ungverjalandi, Indlandi, Mexíkó, Póllandi, Suður-Afríku, Úkraínu og um að hætta málsmeðferð vegna undirboða hvað varðar innflutning á vörum sem eru upprunnar í Lýðveldinu Kóreu	28.7.1999	28.7.1999	25
COM (1999) 402	CB-CO-99-409-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um tiltekna málsmeðferð vegna beitingar viðskiptaþróunar- og samstarfssamnings milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Suður-Afríku	28.7.1999	29.7.1999	13
COM (1999) 400	CB-CO-99-398-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins um að koma á aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna	29.7.1999	30.7.1999	12

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

99/EES/40/09

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB L 81, 26.3.1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB. L 100, 19.4.1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
1999-0276-NL	Leiðbeinandi reglugerð um frádrátt vegna umhverfisfjárfestinga	26.6.1999
1999-0277-NL	Forskrift um hreinlætiskröfur fyrir kalkúnabú 1999	20.9.1999
1999-0293-A	Fyrirmæli borgarstjórnar Vínarborgar um tímabundið samþykki fyrir reykþákerfið „MUGRO-leiðsla úr pólýpropýleni eða áli fyrir úrgangslöftegundir“	27.9.1999
1999-0294-A	Fyrirmæli borgarstjórnar Vínarborgar um tímabundið samþykki fyrir reykþákerfið „sammiðja MUGRO-leiðsla fyrir loft og úrgangslöf“ úr pólýpropýleni, stálplötum eða áli	27.9.1999
1999-0295-A	Fyrirmæli borgarstjórnar Vínarborgar um tímabundið samþykki fyrir reykþákerfið „Trox-brunavarnarlokur“	27.9.1999
1999-0296-A	Fyrirmæli borgarstjórnar Vínarborgar um tímabundið samþykki fyrir reykþákerfið „Rehau-úrgangslöf“	27.9.1999
1999-0297-NL	Reglugerð um styrk til að endurnýja vatnsleiðslur úr blýi	23.6.1999
1999-0298-NL	Úrskurður um reglugerð um fjárveitingu til opinberra stofnana vegna kostnaðar sem fellur til við að finna og fjarlægja sprengjur úr seinni heimstýrjöldinni (úrskurður um framlög vegna kostnaðar við að fjarlægja sprengjur úr seinni heimstýrjöldinni)	27.9.1999
1999-0299-NL	Reglugerð um innra eftirlit með nautgripum með tilliti til bannsins við notkun tiltekinna efna frá markaðssetningarráðinu fyrir nautgripi og kjöt	24.9.1999
1999-0300-NL	Tilkynning frá skipaútgerðinni nr. 324/1999 um breytingu á tilkynningu frá skipaútgerðinni nr. 213/1987 um forskriftir um hávaðamörk um borð í skipum (hollensku stjórnartíðindin 132)(útvíkkun á gildissviði)	24.9.1999
1999-0301-NL ( <sup>3</sup> )( <sup>4</sup> )( <sup>5</sup> )	HPA-reglugerð um kartöfluæxlaveiki	24.9.1999

(<sup>1</sup>) Ár – skráningarnúmer – upprunaáildarríki.

(<sup>2</sup>) Á þessu tímabili er ekki heimilt að samþykkja drög.

(<sup>3</sup>) Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki sem tilkynningarríkið bar fyrir sig.

(<sup>4</sup>) Ekkert stöðvunartímabil þar sem ráðstöfunin varðar tækniforskriftir eða aðrar kröfur í tengslum við skatta- eða fjármálaráðstafanir samkvæmt 3. lið 2. mgr. 9. tl. 1. gr. í tilskipun 83/189/EBE.

(<sup>5</sup>) Upplýsingameðferð lokið.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á dómi frá 30. apríl 1996 í málinu „CIA Security“ (C-194/94) þar sem dómstóllinn úrskurðaði að túlka bæri 8. og 9. gr. tilskipunar 83/189/EBE á þann hátt að einstaklingar geti skírskotað til þeirra fyrir innlendum dómstól og að dómstólnum bæri skylda til að að neita að beita innlendra tæknilegri reglugerð sem ekki hefði verið tilkynnt samkvæmt tilskipuninni.

Þessi dómur staðfestir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4).

Því leiðir brot á tilkynningarskyldunni til þess að viðkomandi tæknilegar reglugerðir gilda ekki og því er ekki hægt að framfylgja þeim gagnvart einstaklingum.

Nánari upplýsingar um tilkynningarnar fást hjá stjórnsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins C 324, 30. október 1996.

# DÓMSTÓLLINN

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

**99/EES/40/10**

Dómur dómstólsins frá 1. júní 1999 í máli C-126/97 (beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden): Eco Swiss China Time Ltd gegn Benetton International NV (samkeppni – beiting gerðardóms, að eigin frumkvæði, á 81. gr. EB-sáttmálans (áður 85. gr.) – valdsvið innlendra dómstóla að ógilda úrskurð gerðardóms).

Dómur dómstólsins frá 1. júní 1999 í máli C-302/97 (beiðni um forúrskurð frá Landesgericht für Zivilrechtssachen Wien): Klaus Konle gegn Lýðveldinu Austurríki (staðfesturéttur – frjálsir fjármagnsflutningar – 52. gr. EB-sáttmálans (nú eftir breytingu 43. gr. EB) og 56. gr. (áður 73. gr. b) – meðferðarregla vegna kaupa á fasteign – 70. gr. gerðarinnar um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis – bústaðir þar sem ekki er höfð föst búseta – skaðabótaskylda vegna brots á lögum bandalagsins).

Dómur dómstólsins frá 1. júní 1999 í máli C-319/97 (beiðni um forúrskurð frá Landskrona Tingsrátt): Sakamál á hendur Antoine Kortas (4. mgr. 100. gr. a í EB-sáttmálanum (nú eftir breytingu 4.-9. mgr. 95. gr.) – tilskipun 94/36/EB um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli – tilkynning um landslög sem veita undanþágu frá henni – engin staðfesting frá framkvæmdastjórninni - áhrif).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 3. júní 1999 í máli C-33/97 (beiðni um forúrskurð frá Rechtbank van Koophandel te Hasselt): Colim NV gegn Bigg's Continent Noord NV (samræming á lögum – málsmeðferð vegna ákvæða um upplýsingar á sviði tæknilegra staðla og reglugerða – tilskipun 83/189/EBE – merking og kynning á vörum – neytendavernd - tungumál).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 3. júní 1999 í máli C-211/97 (beiðni um forúrskurð frá Landessozialgericht Niedersachsen): Paula Gómez Rivero gegn Bundesanstalt für Arbeit (almannatryggingar – fyrsti málsliður 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 – kaupréttur - áhrif).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 3. júní 1999 í máli C-417/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg (vanræksla aðildarríkis á að uppfylla skuldbindingar sínar – framseljanleg verðbréf - fjárfestingarþjónusta – tilskipun 93/22/EBE – tilskipun hrundið í framkvæmd að hluta til).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 8. júní 1999 í máli C-198/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi (vanræksla aðildarríkis á að uppfylla skuldbindingar sínar – tilskipun 76/160/EBE – gæði baðvatns – mál tækt til efnismeðferðar samkvæmt 226. gr. EB-sáttmálans (áður 169. gr.) – rökstutt álit - vanræksla á að fara að 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. í tilskipun 76/160/EBE).

Fyrirmæli dómstólsins (önnur deild) frá 3. mars 1999 í máli C-315/97 P: Diego Echaz Brigaldi o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun – opinberir embættismenn – ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um að neita um sérstakt leyfi vegna kosninga og ferðatíma – áfrýjun greinilega ógrundvölluð og ekki tæk til efnismeðferðar).

Fyrirmæli dómstólsins (fjórða deild) frá 11. mars 1999 í máli C-103/98 P: Smanor SA og Hubert Ségaud og Monique Ségaud gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun – synjun um málsmeðferð vegna brots á sáttmálanum – máli vísað frá).

Fyrirmæli dómstólsins (fjórða deild) frá 11. mars 1999 í máli C-249/98 P: Mario Costacurta gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (opinberir embættismenn – batur - vægi - brot á meginreglunni um jafna meðferð og jafngildan kaupmátt – áfrýjun greinilega ógrundvölluð og ekki tæk til efnismeðferðar).

(<sup>1</sup>) Sjá Stjtið. EB C 240, 17. 7. 1999.

Fyrirmæli dómstólsins frá 21. apríl 1999 í sameinuðum málum C-28/98 og C-29/98 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance de Thionville): Marc Charreire (mál C-28/98), Jean Hirtsmann (mál C-29/98) gegn Directeur des Services Fiscaux de la Moselle (beiðni um forúrskurð – beiðni vísað frá).

Mál C-126/99: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Torino samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 30. mars 1999 í dómsmálinu Roberto Vitari gegn European Training Foundation.

Mál C-127/99: Mál höfðað 14. apríl 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.